Kynning á stöðu Sóknaráætlunar Austurlands

2020–2024

SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

Samband sveitarfélaga
á Austurlandi

AUSTURBRÚ

Efnisyfirlit

Kynning á stöðu Sóknaráætlun Austurlands 3
Sóknaráætlun Austurlands 4
Hlutverk samráðshóps 5
Lykilhugtök & áherslur 6
Sóknaráætlun og heimsmarkmið 7
Leiðarljósin 8
Markmið 9
Framtíðarsýn 2030 10
Áherslur og hvatning 11
Stefnur Sveitarfélaga 12
Stöðugreining & Markmið / breytingar 13
Vinnufundir samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Austurlands 14
Samfélag 15
Staða landshlutans 16
Samfélag: Stöðugreining 17
Íbúafjöldi Austurlands 1998-2020 20
Kynjahlutfall 21
Aldurssamsetning 22
Þróun síðustu 10 ára 23
Hlutfall erlendra/íslenskra ríkisborgara 1998-2019 24
Tekjur 25
Tekjur framhald 26
Menningarviðburðir 27
Atvinnuleysi – frá mars 2019 – september 2019 28
Samsetning atvinnulausra á Austurlandi í sept/okt 39
Lýðheilsuvísar 30
Atvinna 31
Atvinna: Stöðugreining 32
Markmið atvinnu 35
Menning 36
Menning: Stöðugreining 38
Markmið menningar 40
Umhverfi 41
Umhverfi: Stöðugreining 42
Markmið umhverfis 45
Kynningarplan 47

Gefið út í nóvember 2020
Ábyrgðarmenn: Signý Ormarsdóttir
og Tinna K. Halldórsdóttir

AUSTURLAND

Kynning á stöðu Sóknaráætlunar Austurlands

Sóknaráætlun Austurlands

Úr samningi

Markmið sóknaráætlana landshluta er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Hlutverk samráðshóps

Úr samningi

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutans. **Landshlutasamtökin skipa samráðsvettvanginn þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum.**
Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Lykilhugtök & áherslur

Samfélag
> Íbúafjölgun
> Fjölmenning blómstrar
> Heilsufar gott og öflug heilbrigðisþjónusta með fjarþjónustu sem eykur öryggi og búsetugæði
> Tekjur á Austurlandi góðar
> Hagsæld sveitarfélaganna



Menningarmál
> Kraftmikið íþróttalíf
> Menningarþátttaka mikil
> Listir skapa störf og tómstundatækifæri
> Öflugar menningarmiðstöðvar
> Sinfóníuhljómsveit Austurlands áberandi

Atvinnumál
> Kraftmikið atvinnulíf
> Framsækin matvælaframleiðsla
> Matarauður Austurlands
> Austfirsk ferðaþjónusta er gæðavara
> Áfangastaðurinn Austurland
> Þverfaglegt samstarf mikið og gjöfult

Umhverfismál
> Sjálfbærni er leiðarljós
> Umhverfisvitund
> Umhverfisvirðing

Sóknaráætlun og heimsmarkmið

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru ákveðin leiðarljós við framkvæmd Sóknaráætlunar Austurlands 2020-2024. Þessi markmið eru 17 og greinast niður í undirmarkmið sem alls eru 169. Þau eru nú höfð til hliðsjónar við stefnumótun og aðgerðaáætlanir í víðu samhengi. Eftirfarandi markmið voru valin við upphaf vinnu við Sóknaráætlun og ríma við stefnur og markmið sem sett eru á landsvísu og af sveitarfélögum á Austurlandi:

Leiðarljósin

Leiðarljósin

2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.

Sjálfbærni í matvælaframleiðslu er lykilþáttur í því að efla atvinnulíf og menningu. Þarna er átt við að minnka kolefnisspor, framleiðsla úr nærsamfélaginu er mikilvægur liður í því. Þessi vísir styður við matarmenningarferðaþjónustu og getur eflt svæðisvitund.

4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Lykilfærni framtíðaríbúa jarðarinnar. Þar er fyrst og fremst skólakerfið og samfélagið það sem býr til þá vitund sem nútímaborgarinn þarf að búa yfir. Þessi þekking nær til fjórðu iðnbyltingarinnar, skapandi og gagnrýninnar hugsunar og lausnamiðunar á þeim vandamálum og áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu.

8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.

Þessi vísir styður við 2.4 og 4.7. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu. Því er mikilvægt að allir aðilar sem teljast til áhrifa eða hagaðila tileinki sér þau skref sem þarf til að vísirinn uppfylli markmið sitt.

8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

Þessi vísir styður við atvinnugreinina og um leið ímyndarvinnuna og markaðssetningu sem felst í Áfangastaðnum Austurland. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Þessi vísir eflir samfélagið, eykur samfélagsvitund og staðarstolt. Varðveisla menningar og náttúruarfleifðar er mikilvæg til að skapa nýjar hugmyndir á grunni þess sem áður var. Hann nýtist við vinnuna við Áfangastaðinn Austurland. Þessi markmið eru einn af forgangsvísum á landsvísu.

Markmið

Markmið Sóknaráætlunar byggja á framtíðarsýn og stöðu landshlutans. Metnaðarmál er að markmið séu skýr, raunhæf og mælanleg. Þau eru sett fram sem yfirmarkmið sem oft geta verið óáþreifanlegri og huglægari en undirmarkmiðin en þau skýra betur hvaða þættir það eru sem teljast til markmiðsins. **Eftirfarandi greining byggir á fjölmörgum ólíkum gögnum, s.s. eldri sóknaráætlun, niðurstöðum rannsókna undanfarinna ára sem fjalla um Austurland, stefnum og aðgerðaáætlunum á landsvísu og í sveitarfélögum Austurlands.** Gerð svæðisskipulags Austurlands hefur ákveðna samlegð með Sóknaráætlun, sem og stefnur sem sveitarfélög á Austurlandi hafa sett sér, s.s. menningar-, atvinnu- og umhverfisstefnur eða innviðagreiningar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi, auk þess sem byggt er á vinnu íbúafunda og samráðshóps sem lögðu fram viðhorf og reynslu sem lá til grundvallar markmiðum og aðgerðaáætlun.

Í hverjum málaflokki er staðan tekin saman með SVÓT-greiningu.

Mælikvarðar eru tölulegir og áþreifanlegir. Árangursmæling er regluleg söfnun upplýsinga um árangur af starfsemi, t.d. um það hvernig ákveðin verkefni ganga og hver áhrif þeirra eru á samfélagið. Mælingin er tæki til að kanna hvort landshlutinn er að ná markmiðum sínum, framkvæma stefnuna og nálgast framtíðarsýnina. Reynt er að koma öllum markmiðum og aðgerðum á mælanlegt form til að ljóst sé hvað hefur áunnist.

Í aðgerðaráætlun er farið yfir undirmarkmið landshlutans í hverjum málaflokki og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að ná settu marki. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem þar eru listaðar upp eru settjar fram í forgangsröð í hverjum málaflokki fyrir sig. Þær lýsa áherslum og hugmyndum um leiðir til að ná settum markmiðum. Þá eru tíundaðir þeir mælikvarðar sem stuðst verður við til að leggja mat á árangur.

Framtíðarsýn 2030

Framtíðarsýn Austurlands var unnin á samráðsvettvangi og var horft til ársins 2030 eða eins og til gildistíma rúmlegra tveggja nýrra sóknaráætlana. Niðurstaðan gaf til kynna metnað, kraft og framsækni. Þátttakendur sömdu forsíðu dagblaðs fyrir einn dag í september árið 2030 sem lýsti því helsta sem um væri að vera í landshlutanum.

Á Austurlandi fjölgar íbúum jafnt og þétt og ungt fólk flytur austur. Innflytjendur aðlagast samfélaginu vel, taka virkan þátt og fjölmenning blómstrar. Heilsufar Austfirðinga er almennt gott í öllum samanburði og heilbrigðisþjónustan er efld með nýrri tækni í fjarþjónustu sem eykur öryggi og búsetugæði. Tekjur á Austurlandi eru góðar og hagur sveitarfélaganna góður.

Á Austurlandi er kraftmikið íþróttalíf. Menningarþátttaka er mikil og listir skapa bæði tómstundatækifæri og starfsvettvang fyrir listamenn. Menningarmiðstöðvar eru öflugar og Sinfóníuhljómsveit Austurlands er áberandi í menningarlífinu.

Mikill metnaður einkennir atvinnulíf á Austurlandi. Sérstaklega er sótt fram á sviði matvælaframleiðslu og er matarauður Austurlands þekktur sem fyrirmyndar hugmyndafræði. Ferðaþjónusta á svæðinu er gæðavara sem sækir fram undir merkjum Áfangastaðarins Austurlands. Ólíkar greinar styðja hver aðra og vinna saman.

Á Austurlandi er stefnt að sjálfbærni á sem flestum sviðum allt frá samgöngumálum til matvælaframleiðslu, frá úrgangsmálum til nýsköpunar. Aukin umhverfisvitund og metnaður einkennir stefnu Austurlands í málum er snúa að endurvinnslu, sorpeyðingu og úrgangsmálum almennt. Sjálfbærni og umhverfisvirðing einkennir matvælaframleiðslu og vinnslu á svæðinu.

Háskóli starfar á Austurlandi. Þar fer fram fram öflugt nám, rannsóknir og stuðningur við atvinnulíf á svæðinu. Gerfigreind verður þróuð til stuðnings atvinnulífinu á framsækinn hátt.

Á Austurlandi tengja göng staði. Áhersla er á vistvænan samgöngumáta bæði með stuðningi við umhverfisvæn farartæki m.a. í almenningssamgöngum og metnaðarfulla byggingu hjólreiðastíga. Innanlandsflug er öflugt og á allra færi. Reglulegt beint flug til útlanda er um Egilsstaðaflugvöll.

Áherslur og hvatning

Áherslur og hvatning til íbúa Austurlands, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga.

- Styðja við menningarverkefni sem draga fram eða efla áhugaverða þætti í menningar–arfleifð, t.d. handverk og vinnulag.
- Styðja við verkefni sem styrkja atvinnustarfsemi á sviði lista og menningar.
- Styðja sérstaklega við menningarverkefni sem efla og auka menningar– og liststarfsemi fyrir börn og unglinga, t.d. safnafræðslu, stök námskeið, listamenn inn í skóla.
- Styðja við framsækin og mikilvæg menningarverkefni með styrkjum til tveggja til þriggja ára. Uppfylla þarf skilyrði um áfangaskiptingu, skýra framtíðarsýn, sterka verkefnaáætlun og rökstuðning fyrir mikilvægi verkefnisins fyrir menningu og samfélag á Austurlandi.
- Hvetja til þess að aðstaða á ásættanlegum kjörum sé til staðar í hverjum byggðakjarna fyrir listamenn, sama hver listgreinin er. Leiklist og tónlist hafa notið ákveðinnar sérstöðu sem mikilvægt er að jafna hvað varðar sjónlistafólk og hönnuði.

- Styðja við verkefni sem draga úr sóun og efla endurnýtingu, s.s. á sviði viðgerðar-þjónustu og ráðgjöf eða fræðslu sem stuðlar að minnkun kolefnisspors og dregur úr óþarfa neyslu.
- Styðja við hugmyndir sem snúa að vöruþróun úr staðbundnum skógarafurðum.

- Styðja við atvinnuverkefni sem stuðla að því að Austurland sé eitt atvinnu-sóknarsvæði, s.s. verkefni sem ná yfir stærri svæði, tengja saman byggðakjarna og/eða sveitarfélög.
- Styðja við nýsköpun í atvinnustarfsemi ungs fólks á aldrinum 20 – 35 ára.
- Styðja við atvinnuverkefni sem stuðla að aukinni sjálfbærni sérstaklega í (matvæla–) framleiðslu.
- Styðja við atvinnuverkefni sem miða að fullvinnslu matvæla.
- Styðja við atvinnuverkefni sem stuðla að nýsköpun í ræktun.
- Styðja við atvinnuverkefni sem ríma við hugmyndafræði Áfangastaðarins Austurlands.
- Hvetja til þess að auka hlutfall staðbundinna hráefna á veitingastöðum milli ára.

Stefnur sveitarfélaganna

Stefna	Er til	Í vinnslu	Er ekki til
Menningarstefna	Fljótsdalshérað / Fjarðabyggð	Seyðisfjörður	Borgarfjörður / Fljótsdalur
Atvinnustefna	Fljótsdalshérað / Fjarðabyggð		Fljótsdalur / Djúpivogur / Borgarfjörður / Vopnafjörður
Umhverfisstefna		Fljótsdalshérað / Fjarðabyggð	Seyðisfjörður / Fljótsdalur / Djúpivogur / Borgarfjörður
Innviðagreining	Fljótsdalshérað	Fjarðabyggð / Vopnafjörður	Seyðisfjörður / Fljótsdalur / Djúpivogur / Borgarfjörður
Heimsmarkmið í stefnu / sýn		Vopnafjörður / Fjarðabyggð (umhverfi)	Seyðisfjörður / Borgarfjörður / Fljótsdalur / Djúpivogur
Fjölmenningarstefna		Vopnafjörður (Langt komin)	

Stöðugreining & Markmið

Breytingar

Vinnufundir samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Austurlands

Samantekt verkefnastjóra á framkvæmd og framgangi vinnufunda um endurmat á stöðugreiningu og markmiðum Sóknaráætlunar Austurlands. Samráðsvettvangurinn var skipaður þegar vinna við nýja Sóknaráætlun hófst og voru valdir þangað rúmlega 50 fulltrúar frá opinberum stofnunum, fyrirtækjum og starfsgreinum. Tilgangurinn var að ná saman breiðum hópi fólks sem leiddi saman ólíka rödd og hagsmuni. Málaflokkarnir Atvinna – Menning – Umhverfi voru stöðugreindir (SVÓT) og sett voru markmið í hverjum þeirra sem fólu í sér mælingu eða aðgerð til mælingar. Hlutverk samráðsvettvangsins er m.a. að hittast árlega á gildistíma áætlunarinnar og leggja til þekkingu og reynslu varðandi mat á stöðu og markmiðum.

Fyrsta endurskoðun haust 2020

Haldnir voru 4 vinnufundir með samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Austurlands; hópfundur á Teams þar sem mættu rúmlega 40 (af 54 skipuðum) og vinnufundir um hvern málaflokk, samtals 3.

Á vinnufundina mættu 18 fulltrúar.

Fyrirkomulag fundanna var með ákveðnu fyrirkomulagi sem byggir á aðferðum hagsmunanálgunar (e. Asset-based approach) og miðar að því að ná saman sjónarmiðum sem e.t.v. geta stangast á eða byggja ekki á gagnkvæmum skilningi.

Farið var yfir stöðugreiningu málaflokksins og lagðar til breytingar á henni. **Margar ábendingar komu fram varðandi orðalag og var farið í mikla einföldun á þeim atriðum sem fram koma í SVÓT greiningunni. Nú er frekar um að ræða einfalda punkta eða atriði sem sett voru fram sem staðreyndir eða mat. Búið er að fjarlægja allt sem fram kom undir stöðugreiningunni í formi tilmæla, langlokusetninga eða fullyrðinga. Einföldunin og hnitmiðunin er vonandi til bóta og má búast við að næsta endurskoðun gangi enn betur frá þessari framsetningu.**

Ákveðin gagnrýni kom fram frá samráðvettvangi að ekki væri nægt samræmi milli stöðugreiningar og markmiða. Mikilvægt að tengja betur.

Markmið Sóknaráætlunar voru yfirfarin og var aðallega um orðalagsbreytingar að ræða og skerpingu á mælikvörðum í flokki atvinnu og menningar. Hins vegar var töluverð endurskoðun á markmiðum í flokki umhverfis þar sem þar voru bæði markmið og mælikvarðar sem sérfræðingar innan samráðshópsins töldu ranga, óraunhæfa eða gallaða. Eftir mikla yfirlegu hafa markmiðin því verið lagfærð, leiðrétt, breytt og bætt við. Sérstaklega var rætt um markmiðin varðandi mælikvarða vegna úrgangs sem voru lagfærðir og svo markmið um skógarþekju og friðlýst svæði. Hvor tveggja; skógarþekjan og friðlýstu svæðin voru borin undir Skógræktina og Náttúrustofu sem skiluðu gögnum til að styðja við endurbætt markmið.

Meðfylgjandi eru stöðugreiningar og markmið eins og þau líta út eftir uppfærslu.

Reikna má með að þessi fyrsta endurskoðun sé að mörgu leyti ítarlegri og umfangsmeiri en þær sem á eftir koma en ýmsar orðalagsbreytingar voru lagðar til sem koma til vegna þess að samráðvettvangurinn var ekki með í lokayfirlestri áætlunarinnar þegar hún var send inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Samfélag

Samfélag: Staða landshlutans

Á Austurlandi voru 10.663 íbúar 1. janúar 2019. Þeir voru 10.730 í janúar 2020. Þeim fjölgar jafnt og þétt eftir að jafnvægi komst á íbúaþróun fyrir tæpum 10 árum eftir stóriðjuframkvæmdirnar 2003-2009. Íbúaþróun hefur ekki dreifst jafnt á svæðinu og hefur fjölgunin verið bundin við Reyðarfjörð og Fljótsdalshérað að mestu leyti en þó hefur orðið örlítil fjölgun á Fáskrúðsfirði og Eskifirði. Hlutfall karla og kvenna í landshlutanum er eins og annars staðar á landsbyggðinni þannig að karlar eru fleiri en konur, en þeir eru rúmlega 600 fleiri en konurnar. Jafnast er kynjahlutfallið á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði en ójafnast á Reyðarfirði, Breiðdalsvík og Eskifirði. Meðalaldur íbúa fer hækkandi og oft vantar ákveðið aldursbil inn í mannfjöldapíramída þegar unga fólkið fer burtu til náms og starfa annars staðar.

Erlendir íbúar voru árið 2020 orðnir rúm 11% af heildaríbúafjölda Austurlands eða tæplega 1.200 manns. Langflestir pólskir eða rúmlega 600 manns. Sú fjölgun sem orðið hefur á íbúum Austurlands er fyrst og fremst byggð upp á þessum hópi innflytjenda sem hefur aðallega sest að í Fjarðabyggð. Á Eskifirði og Reyðarfirði eru 16%-18% íbúa af erlendum uppruna sem hefur töluverð áhrif í smáum samfélögum. Í hópi innflytjendanna eru karlar mun fjölmennari og eru þeir til að mynda helmingi fleiri en konurnar á Eskifirði. Á Fljótsdalshéraði eru um 4% íbúa af erlendum uppruna og er hlutfall karla og kvenna nokkuð jafnt.

Grunnskólar eru í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélaganna á Austurlandi. Alls eru þrír framhaldsskólar á Austurlandi; Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands og Hallormsstaðaskóli sem er á fjórða hæfniþrepi sem telst til háskólastigs. Austurbrú rekur öfluga framhaldsfræðslu og á Seyðisfirði starfar LungAskólinn, listalýðskóli. Enginn háskóli er á Austurlandi en Rannsóknasetur Háskóla Íslands er á Egilsstöðum.

Samfélag: Stöðugreining

Styrkleikar	Tillaga að breytingum	Bætast við
Fjölgun en ekki fækkun íbúa	Íbúum fjölgar	
Innflytjendur eru fjölmargir af mörgu þjóðernum	Fjölþjóðleg samsetning íbúa	
Blanda af aðfluttum og rótgrónum íbúum	Samblanda rótgróinna og aðfluttra íbúa	
Sí- og endurmenntunarþjónusta veitt víða um svæðið	Sí- og endurmenntunarþjónusta	
Aðgengi að fjarnámi á háskólastigi er til staðar	Háskólanám í fjarnámi	
Framhaldsskólar	Framhaldsskólar	

Tækifæri	Tillaga að breytingum	Bætast við
Ungt fólk virðist vera farið að sjá kosti þess að búa úti á landi og er farið að flytja heim, eða bara út á land	Ungt fólk snýr austur	
Mikil tækifæri til útivistar og útivistartengdrar heilsuræktar	Lýðheilsuefling gegnum umhverfið	

Samfélag: Stöðugreining

Veikleikar

- Fólksfækkun viðvarandi í minnstu sveitarfélögunum
- Aldurssamsetning íbúa óhagstæð á mörgum stöðum
- Samfélagsleg virkni innflytjenda takmörkuð
- Íslenskukennsla fyrir innflytjendur ómarkviss
- Samgöngur erfiðar, ótryggar á veturna
- Neikvæðni í samfélögum, bæði innan og á milli

Tillaga að breytingum

- Íbúum fækkar í minnstu samfélögum
- Óhagstæð aldurssamsetning víða
- Samfélagsþátttaka innflytjenda
- Íslenskunám innflytjenda
- Samgöngur
- Neikvæðni

Bætast við

- Háskólanám í staðnámi
- Framboð háskólanáms takmarkað
- Menntunarstig
- Sérfræðiþjónusta heilbrigðiskerfisins

Áskoranir

- Íbúafjölgunin bundin við Egilsstaði og Reyðarfjörð
- Fjölgunin mestmegnis innflytjendur sem eru oft óvirkir þátttakendur í samfélaginu
- Einsleitur hópur innflytjenda verður að menningarkima
- Jaðarbyggðir upplifa sig út undan
- Nemendafæð i framhaldsskólum
- Ákveðin vöntun á þjónustu heilbrigðissérfræðinga (lækna, sálfræðinga)

Tillaga að breytingum

- Íbúafjölgun miðsvæðis
- Íbúafjölgun byggir á innflytjendum
- Menningarkimi einsleits innflytjendahóps
- Innflytjendur lítt virkir í almennu félagsstarfi
- Jaðarbyggðir
- Nemendafæð framhaldsskólanna

Bætast við

- Sérfræðiþjónusta heilbrigðiskerfisins

Samfélag: Stöðugreining

Breyta	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Íbúafjöldi – fleiri íbúar	Árlega	Fjöldi	Hagstofa
2: Kynjahlutfall - jafnara	Upphaf/Miðbik/Lok	%	Hagstofa
3: Aldursdreifing – fleiri í yngri hópum	Upphaf/Miðbik/Lok	%	Hagstofa
4: Flutningsjöfnuður – jákvæður, fleiri flytja inn	Upphaf/Miðbik/Lok	%	Hagstofa
5: Hlutfall innflytjenda – jafnara innan Austurlands	Upphaf/Miðbik/Lok	%	Hagstofa
6: Tekjur – jafnari tekjur kynjanna og sambærilegar við landsmeðaltal	Upphaf/Miðbik/Lok	kr/%	Hagstofa/Rsk/Samband sveitarfélaga
7: Átthagaást – sterkari tengsl	Upphaf/Lok	Styrkur tengsla	Eyjahjarta 2014/2015 viðmiðunarmæling
8: Menningarupplifun – meiri þátttaka	Upphaf/Lok	Skali	Eyjahjarta 2014/2015 viðmiðunarmæling Hagstofa/Gallup (fer eftir aðgengi að gögnum)
9: Menntun – hærra menntunarstig	Upphaf/Lok	%	
10: Atvinnuleysi/atvinnuþátttaka – áfram undir landsmeðaltali	Árlega	%	VMST
11: Lýðheilsuvísar landlæknis – neikvæðir vísar færri; þunglyndislyfjanotkun, ölvun og tóbaksnotkun framhalds-skólanema	Árlega	Vísar	Landlæknisembættið

Íbúafjöldi Austurlands 1998-2020



Kynjahlutfall

2019

52,95%

47,05%

2020

52,60%

47,40%

Aldurssamsetning

2019



2020



Þróun síðustu 10 ára



Hlutfall erlendra/íslenskra ríkisborgara 1998-2019



Tekjur

2017 Ísland
2018 Ísland
2019 Ísland
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
5413
5823
5934
6565
6829
7037
5684
5789
6383
4359
4966
5144
6033
5984
5552
5512
5668
6107
5691
5900
6256
Seyðisfjörður
Fjarðabyggð
Vopnafjarðarhreppur
FLjótsdalshreppur
Borgarfjarðarhreppur
Djúpavogshreppur
Fljótsdalshérað
2017
2018
2019

Tekjur framhald



Seyðisfjörður Fjarðabyggð Vopnafjörður Fljótsdalur Borgarfjörður Djúpivogur Fljótsdalshérað Austurland Ísland

Menningarviðburðir

Hversu ánægður eða óánægður ertu með úrval menningarviðburða á Austurlandi?



Átthagaást og menningarþátttaka



Atvinnuleysi – frá mars 2019 – september 2019

Metið bæði út frá almennu atvinnuleysi og hlutabótaleið.

Metið út frá ársverkum. Hlutabótaleið => metið hversu „skert“ starfshlutfallið.



Samsetning atvinnulausra á Austurlandi í sept/okt

Kynjahlutfall



Þjóðernisskipting



Aldurssamsetning



Lýðheilsuvísar

Lýðheilsuvísir	Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Austurland
Háskólamenntaðir	2019	31,1	42,0	%	
Einmannaleiki fullorðinna (Lifnaðarhættir og líðan)	2019	14,8	10,3	%	
Langar að hætta í skóla (5-7 bekkur)	2019	21,0	14,1	%	
Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi (5-7 bekkur)	2019	57,6	66,3	%	
Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2019	16,3	21,3	%	
Áhættudrykkja fullorðinna	2019	15,0	23,7	%	
Reykingar fullorðinna	2019	5,6	8,2	%	
Þunglyndislyfjanotkun	2019	168,0	142,0	DÞD*	
Slævandi lyf og svefnlyf	2019	36,6	59,8	DÞD*	
Sýklalyfjaávísanir < 5 ára	2019	537,1	910,9	Á 1.000	
COVID-19 greiningar	2020	102,6	484,3	Á 100.000	
Sóttkví vegna COVID-19	2020	2.914,4	5.458,1	Á 100.000	
Skimun fyrir leghálskrabbameini	2019	70,7	66,7	%	
Skimun fyrir brjóstakrabbameini	2019	72,0	60,6	%	
Fylltar fullorðinstennur	2019	2,0	1,6	Fjöldi	
Liðskiptiaðgerðir á hné	2015-2019	248,4	188,3	Á 100.000	
Heilsugæsluheimsóknir	2019	3,6	2,8	Á íbúa	
Sérfræðingsheimsóknir	2019	0,6	1,4	Á íbúa	

Samfélag Lifnaðarhættir og líðan Heilsa og sjúkdómar

*DÞD: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Atvinna

Atvinna: Stöðugreining

Styrkleikar

- Sterkt atvinnulíf í ákveðnum greinum, sjávarútvegi og stóriðju
- Stutt á miðin
- Góðar hafnir
- Öflug fyrirtæki í iðnaði
- Næg atvinna

Tillaga að breytingum

- Sterkt atvinnulíf í sjávarútvegi og stóriðju
- Stutt á miðin.
- Góðar hafnir.
- Lágt atvinnuleysishlutfall.

Tækifæri

- Ljósleiðaravæðing
- Auðlindir til atvinnusköpunar t.d. í ferðaþjónustu og landbúnaði
- Framhaldsskólar með vaxandi áherslu á iðn- og verkgreinar
- Viðurkenning samfélagsins á mikilvægi skapandi greina
- Ímyndarsköpun Austurlands - áfangastaðavinna
- Náttúra og menning Austurlands mikil auðlind
- Tækifæri til sportferðamennsku
- Egilsstaðaflugvöllur

Tillaga að breytingum

- Ljósleiðaravæðing.
- Framþróun í ferðaþj., landbún. og sjávarútvegi.
- Iðn- og verkgreinar í framhaldsskólum.
- Skapandi greinar.
- Ímynd Austurlands – Áfangastaðurinn.
- Sport- og menningarferðamennska.
- Sport- og menningarferðamennska.
- Egilsstaðaflugvöllur.

Bætast við

- Fullvinnsla hráefna og afurða.
- Fjarðabyggðahafnir.
- Háskóli/útibú á Austurlandi.

Atvinna: Stöðugreining

Veikleikar

- Stór hluti atvinnutækifæra byggist á fáum fyrirtækjum
- Inniviðir sumra ferðamannastaða ófullnægjandi svo þeir liggja undir skemmdum
- Fjölbreytni í þjónustugreinum einkum sérfræðiþjónustu lítil
- Skortur á sérmenntuðu fólki í vissum greinum
- Umhverfi nýsköpunar veikt hvað varðar fjárhagslegan og faglegan stuðning
- Rekstrargrundvöllur ýmis konar þjónustu veikur vegna þess hve byggðir eru dreifðar og vegalengdir miklar
- Takmarkað innanlandsflug
- Framboð á störfum án staðsetningar lítið

Tillaga að breytingum

- Atvinnutækifæri byggjast á fáum fyrirtækjum
- Sumir ferðamannastaðir liggja undir skemmdum
- Skortur á störfum sem höfða til kvenna
- Skortur á menntuðu fólki í vissum greinum
- Stuðningsumhverfi nýsköpunar veikt, fjárhaglega og faglega
- Rekstrargrundvöllur ýmis konar þjónustu veikur vegna samgangna
- Takmarkað innanlandsflug
- Framboð á störfum án staðsetningar lítið

Bætast við

- Skipulagsvald sveitarfélaga er takmarkað varðandi hafsvæði. (Bætist við)

Atvinna: Stöðugreining

Áskoranir

- Skortur á sérmenntun í iðngreinum
- Flutningskostnaður
- Lítill heimamarkaður
- Mikið af (sérfræði) þjónustu er aðkeypt utan svæðis
- Rannsókna- og nýsköpunarstarf á svæðinu of veikburða
- Viðhorf og þar með möguleikar til fjármögnunar fyrirtækja sem byggja á hugviti og skapandi greinum oft ekki hjálplegt
- Sveiflur í afurðaverði
- Fækkun opinberra starfa

Tillaga að breytingum

- Skortur á iðnmenntuðu fólki
- Flutningskostnaður
- Lítill heimamarkaður
- Sérfræði/þjónusta keypt utan svæðis
- Rannsókna og nýsköpunarstarf veikburða
- Óhjálplegt viðhorf og takmarkaðir fjármögnunarmöguleikar fyrirtækja hugvits- og skapandi greina
- Sveiflur í afurðaverði
- Fækkun opinberra starfa

Markmið atvinnu

Mælanleg markmið	Tillaga að breytingu	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Fjölga greinum sem hægt er að stunda í stað- og fjarnámi frá Austurlandi á háskólastigi árlega um a.m.k. Eina grein. Horft verður sérstaklega til greina á sviði tækni og verkfræði.	**Fjölga greinum sem hægt er að stunda í fjarnámi frá Austurlandi á háskólastigi árlega um a.m.k. eina grein. Horft verður sérstaklega til greina á sviði tækni- og verkfræði**	**Upphaf/Miðbik/Lok** ***Árlega***	**Fjöldi greina**	**Niðurstöður könnunar SSA um fjarnám í upphafi og endurtekt**
2: Fjölga iðngreinum sem eru boði í fjarnámi frá eða á Austurlandi.	**Fjölga iðngreinum sem eru boði í fjarnámi frá eða á Austurlandi**	**Upphaf/Lok** ***2020 / 2024***	**Fjöldi greina**	**Niðurstöður könnunar SSA um fjarnám í upphafi og endurtekt**
3: Aukinn fjöldi styrkveitinga úr Rannís-sjóðum á Austurland (Tækniþróunarsjóður)	**Aukinn fjöldi styrkveitinga úr innlendum Ranníssjóðum á Austurland**	**Árlega**	**%** **Fjöldi / fjármagn** ***Fjöldi / fjármagn***	**Gögn frá Rannís**
4: Aukinn fjöldi styrkveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á Austurland – 15% styrkja árlega til Austurlands	**Aukinn fjöldi styrkveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á Austurland – 15% styrkja árlega til Austurlands**	**Árlega**	**%** ***Fjöldi / fjármagn***	**Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**
5: Viðhorf íbúa til ferðamanna – aukning á jákvæðum viðhorfum & jafnari dreifing yfir svæðið	**Viðhorf íbúa til ferðamanna – aukning á jákvæðum viðhorfum & jafnari dreifing yfir svæðið**	**Upphaf/Miðbik/Lok** ***2021 / 2024***	**Kvarðar / %** ***Kvarðar***	**Könnun Áfangastaðarins 2015 & 2017**
Aðgerðamarkmið		**Hvenær mælt**	**Mælikvarði**	**Mælitæki & gögn**
1: Heildstæði kortlagning á störfum án staðsetningar sem svo verður notuð til að marka stefnu um aukin stöðugildi.	**Heildstæð kortlagning á störfum án staðsetningar sem svo verður notuð til að marka stefnu um aukin stöðugildi**	**Upphaf kortlagning** **Lok mæling** ***2021 / 2024***	**Fjöldi starfa og stöðugilda** ***Fjöldi***	**Könnun** ***Könnun***
2: Fýsileikakönnun á handverkssláturhúsi/framleiðslueldhúsi á Austurlandi		**Upphaf**	**Könnun lokið**	**Könnun**

(Breytingar mælinga í appelsínugulu)

Menning

Menning: Stöðugreining

Styrkleikar

- Menningarmiðstöðvar
- Lista- og menningarhátíðir
- Fjöldi félaga sem vinna að listsköpun
- Öflugt grasrótarstarf í sumum byggðarlögum/hópum
- Fjöldi menntaðra listamanna í ólíkum listgreinum
- BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi
- Virk íþróttafélög
- Fjölbreytni í íþróttagreinum í stærri byggðarlögum
- Góð íþróttahús
- Góð skíðasvæði
- Íþróttaviðburðir tengdir ferðaþjónustu og menningu s.s. Urriðavatnssund og Barðsneshlaup

Tillaga að breytingum

- Menningarmiðstöðvar Austurlands
- Lista- og menningarhátíðir
- Fjöldi félaga sem vinna að listsköpun
- Öflugt grasrótarstarf í sumum byggðarlögum/hópum
- Fjöldi menntaðra listamanna í ólíkum listgreinum
- BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi
- Virk íþróttafélög
- Fjölbreytni íþróttagreina stærri byggðarlaga
- Góð íþróttaaðstaða; utan og innhúss
- Menningar- og ferðaþjónustu tengdir íþróttaviðburðir

Menning: Stöðugreining

Tækifæri

- Fjölbreytt samsetning íbúa
- Fjölbreytt framboð menningarviðburða
- Listgreinakennsla í framhaldsskólum og Lungaskólinn

Tillaga að breytingum

- Fjölbreytt samsetning íbúa
- Fjölbreytt framboð menningarviðburða
- Listagreinakennsla í framhaldsskólum

Við bætist

- LungAskóli
- Hallormsstaðaskóli
- Aukið samstarf og samvinna menningarstofnana
- Tengsl ferðaþjónustu og menningarstarfs
- Menningararfur og menningarminjar

Menning: Stöðugreining

Veikleikar

- Neikvæðni
- Samgöngur
- Starfsemi sem byggir á einstaklingum og er því brothætt
- Hrepparígur og skortur á samstarfi
- Íþróttastarf fábreytt í minni byggðarlögum

Tillaga að breytingum

- Neikvæðni
- Samgöngur
- Starfsemi sem byggir á einstaklingum er brothætt
- Hrepparígur og skortur á samstarfi
- Rekstrarfé íþróttafélaga fer í ferðalög,

Við bætist

- ójöfn aðstaða
- Fámenni
- Óstöðugt framboð menningar- og
- listastarfs fyrir börn

  Dræm þátttaka og mæting á viðburði

Áskoranir / Ógnanir

- Skýrari stefnur fyrir menningarmiðstöðvarnar
- Lítil samfélög/dreifð byggð sem gerir mennningarstarf erfitt
- Skilningsleysi á mikilvægi menningarstarfsemi
- Grundvöllur ýmiskonar félagsstarfs oft veikur vegna

  þess hve byggðir eru dreifðar og vegalengdir miklar
- Innflytjendur lítt virkir í almennu félagsstarfi
- Menntun og reynsla þjálfara og leiðtoga
- Of mikið sjálfboðastarf og of lítill stuðningur í menningarstarfsemi;

  bæði listum og íþróttum

Tillaga að breytingum

- Fyrirkomulag styrkja ósveigjanlegt og bundið verkefnum; langtímafjármögnun ótrygg
- Samgöngur
- Skilningsleysi á mikilvægi menningarstarfsemi
- Innflytjendur lítt virkir í almennu félagsstarfi
- Skortur á menntun og reynslu þjálfara og leiðtoga
- Of mikið sjálfboðastarf og takmarkaður stuðningur við listir og íþróttir

Markmið menningar

Mælanleg markmið	Tillaga að breytingu	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Öll sveitarfélög á Austurlandi bjóði ungu fólki upp á skapandi sumarstarf	**Öll sveitarfélög á Austurlandi bjóði ungu fólki upp á skapandi sumarstarf**	**Árlega**	**Fjöldi sveitarfélaga & einstaklinga Stöðug./Klst** ***Stöðugildi/Klst***	**Gögn frá sveitarfélögum**
2: Fjölga styrkveitingum úr Nýsköpunarsjóði náms-manna í verkefni á Austurlandi	**Þátttaka í BRAS**	**Árlega**	**25%** ***Fjöldi barna á viðburðum***	**Rannís** ***Samantekt frá BRAS***
3:	**Safnaþátttaka**	***Árlega***	***Fjöldi gesta***	***Viðurkennd söfn á Austurlandi***

Aðgerðamarkmið		Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Öll sveitarfélög á Austurlandi setji sér stefnu og reglur varðandi listmann „bæjarlistamann“ hvers árs.	**Sveitarfélög á Austurlandi setji sér stefnu og reglur varðandi árlegan „bæjarlistamann“**	**Upphaf/Lok** ***2020/2024***	**Stefna til staðar** **Fjöldi sveitarfélaga** ***Fjöldi sveitarfélaga***	**Er til stefna – Fjöldi listamanna/ Sveitafélaga** ***Stefna*** ***– Fjöldi listamanna/Sveitafélaga***
2: Allir skólar á Austurlandi hafi móttökuáætlun fyrir erlenda ríkisborgara (fjöltyngi)	**Allir skólar á Austurlandi hafi móttökuáætlun fyrir erlenda ríkisborgara**	**Upphaf/Lok** ***2020/2024***	**Áætlun/Fjöldi skóla/ Sveitafélaga** ***Fjöldi skóla/sveitarfélaga***	**Skoða hvort er til** ***Tilvist stefnu***
3: Öll sveitarfélög setji sér móttökuáætlun innflytjenda	**Auka hlutfall nemenda 6-18 ára í tónlistarnámi á Austurlandi**	**Upphaf/Lok** ***2021/2024***	**Stefna til staðar** **Fjöldi sveitarfélaga** ***%***	**Gögn frá Sveitarfélögunum** ***Gögn frá skólum***
4: Hlutfall nemenda í tónlistarnámi á grunn- og framhaldsskólastigi á Austurlandi og setja mælikvarða um viðhald eða aukningu.	**Auka hlutfall skráðra iðkenda á Austurlandi í skipulögðu íþróttastarfi.**	**Upphaf kortlagning Miðbik & Lok mæling** ***2021/2024***	**%**	**Gögn frá skólum** ***Gögn frá opinberum íþróttafélögum***
5: Hlutfall nemenda sem tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi á Austurlandi og setja mælikvarða minna brottfall þeirra sem eru í áhættu þar um. íþróttastarfi á Austurlandi og setja mælikvarða minna brottfall þeirra sem eru í áhættu þar um.	**Fjöldi viðurkenndra safna**	**Upphaf kortlagning Miðbik & Lok mæling** ***2020/2022/2024***	**%** ***Fjöldi***	**Gögn frá Íþróttafélögum** ***Opinber gögn***

(Breytingar mælinga í appelsínugulu)

Umhverfi

Umhverfi: Stöðugreining

Styrkleikar	Tillaga að breytingum	Við bætist
Fjölbreytt og mikilfengleg náttúra	Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag	Gott aðgengi að víðernum
Mikið fuglalíf, fiskur í ám og vötnum, refir og hreindýr, fjörur og fiskimið undan ströndum	Fjölbreytt dýralíf og gróðurfar	
Fjölbreytt gróðurfar, víðfeðm heiðalönd, skógar, votlendi og sjaldgæfar plöntutegundir	Umhverfisvitund	
Nægt ferskvatn	Nægt ferskvatn	
Góðar hafnaraðstæður		
Þjóðgarður og friðlýst svæði	Þjóðgarður og friðlýst svæði	
Flokkun á rusli	Endurvinnsla og flokkun	

Styrkleikar	Tillaga að breytingum	Við bætist
Fjölbreytt og mikilfengleg náttúra	Gott aðgengi að víðernum	Uppgræðsla
Land vel fallið til jarðræktar a.m.k. á sumum hlutum Austurlands	Jarðrækt	Kolefnisbinding
Möguleikar til fiskeldis		Sjálfbærni
Fjölbreyttir möguleikar til náttúruskoðunar með mismunandi ferðamáta	Fjölbreyttir möguleikar til náttúruupplifunar og skoðunar	Stytting kolefnisspors
Hreindýra-, fugla- og stangveiði		Umhverfismenntun

Umhverfi: Stöðugreining

Veikleikar

- Rafvæðing bílaflota gengur of hægt
- Frágangur skólps og sorps gæti verið betri í mörgum byggðarlögum
- Loft og lyktarmengun frá iðnaði
- Ágengar tegundir plantna eru útbreiddar
- Inniviðir sumra ferðamannastaða eru ófullnægjandi og liggja undir skemmdum
- Salernisaðstöðu fyrir ferðamenn víða ábótavant
- Skaðleg umgengni við náttúruna, utanvegaakstur, skemmdir á náttúrmyndunum og slíkt
- Takmörkuð landvarsla við náttúruperlur

Tillaga að breytingum

- Rafvæðing bílaflota gengur of hægt
- Frágangur skólps og sorps gæti verið betri í mörgum byggðarlögum
- Loft og lyktarmengun frá iðnaði
- Ágengar tegundir plantna eru útbreiddar
- Inniviðir ófullnægjandi, staðir liggja undir skemmdum
- Skaðleg umgengni við náttúruna, utanvega-akstur og skemmdir á náttúrmyndunum
- Takmörkuð landvarsla við náttúruperlur

Við bætist

- Skipulagsvald varðandi fiskeldi í sjó er ekki hjá sveitarfélögum

Umhverfi: Stöðugreining

Áskoranir / ógnanir

- Aðgengi við ferðamannastaði
- Gróður og jarðvegseyðing á sumum svæðum vegna áfoks, ágangs beitardýra, vatnsrofs og uppblásturs
- Mengun frá landsamgöngum og í höfnum og á hafi frá skipum
- Gæta þarf að því að fiskeldi verði í sátt við náttúrlegt umhverfi

Tillaga að breytingum

- Aðgengi ferðamannastaða
- Gróður og jarðvegseyðing vegna áfoks, ágangs beitardýra, vatnsrofs og uppblásturs
- Mengun frá landsamgöngum og í höfnum og á hafi frá skipum
- Fiskeldi í sjó

Við bætist

- Of mikill úrgangur
- Kolefnisspor í landbúnaði og iðnaði

Markmið umhverfis

Mælanleg markmið	Tillaga að breytingu	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Fjöldi skráðra bíla í flokki vistvænna/umhverfisvænna bifreiða á Austurlandi aukist um 25%.	Skráðum bílum í flokki vistvænni bifreiða aukist um 25% frá 2020 til 2024	Árlega	%	Yfirlit frá Umferðastofu/Skráning
2: Sveitarfélög á Austurlandi innleiði heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hafi þau sýnileg á heimasíðu sinni auk mælikvarða um framvindu.	Sveitarfélög á Austurlandi móti innleiði heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hafi sýnileg á heimasíðum sínum auk mælikvarða um framvindu	Árlega	Fjöldi sveitarfélaga með innleidd, sýnileg markmið *Fjöldi sveitarfélaga*	Gögn frá sveitarfélögunum
3: Að skógarþekja verði 5% á Austurlandi á svæði Skógræktar ríkisins árið 2030	Að skógarþekja ræktaðs skóglendis neðan 400m verði 5% á Austurlandi árið 2024	2018/2023 *2020/2024*	%	Skógrækt ríkisins *Skógræktin*
4:	Að stærð lands friðlýstra svæða aukist um 2,5% frá 2020 til 2024		%	Umhverfisstofnun/Náttúrustofa

Aðgerðamarkmið	Tillaga að breytingu	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki & gögn
1: Fylgjast með magni á sorpi sem er urðað frá sveitarfélögum á Austurlandi	Draga úr magni úrgangs sem er urðað og flokkað til endurvinnslu frá heimilum á Austurlandi	Árlega	Magn sorps *Magn og hlutfall*	Gögn frá sveitarfélögum á Austurlandi og losunaraðila
2: Hlutfall sorps út frá úrgangi í flokkun til endurvinnslu	Sveitafélög og fyrirtæki taki upp grænt bókhald	Árlega	Hlutfall *Fjöldi*	Gögn frá sveitarfélögum á Austurlandi og losunaraðila
3: Magn úrgangs sem fer í moltugerð á Austurlandi	Austurland setji sér matvælastefnu	Árlega *Lok*	Magn sorps *Fullgerð stefna*	Gögn frá sveitarfélögum og fyrirtækjum sem vinna moltu
4: Austurland setji sér matvælastefnu	Sveitarfélög á Austurlandi setji sér umhverfisstefnu/loftslagsstefnu	Lok	Fullgerð stefna	Gögn frá sveitarfélögum
5: Austurland setji sér umhverfisstefnu/loftslagsstefnu	Víðerni Austurlands skilgreind, kortlögð og sett markmið um viðhald, nýtingu og aðgengi	Lok *2024*	Fullgerð stefna *Tilbúin skilgreining og kortlagning*	Gögn frá þeim aðilum sem koma að þessu

(Breytingar mælinga í appelsínugulu)

Kynningarplan

Leið	Aðgerðir	jan - mars	apríl - júní	Júlí - sept.	okt. - des.
Fundir	Samráðshópur 2020		■		
	Samráðshópur 2021		■		
	Samráðshópur 2022		■		
	Samráðshópur 2023		■		
	Samráðshópur 2024		■		
	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga 2019				■
	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga 2022			■	
	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga 2024			■	
Samfélagsmiðlar og heimasíða	Að loknum hverjum fundi er stutt frétt		■		
	Fyrir hvern árlegan fund samráðshóps eru settir inn uppfærðir samfélagsvísar		■		
	Að loknum hverjum árlegum fundi samráðshóps eru settar inn fréttir af framgangi Sóknaráætlunar		■	■	■
	Áhersluverkefni hvers árs eru kynnt a.m.k. árlega (lengri verkefni framgangur)	■	■	■	■
	Áhersluverkefni alltaf kynnt við upphaf og lok	■	■	■	■
	Samantektarfrétt af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar MENNING		■		
	Samantektarfrétt af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar ATVINNA		■		
	Samantektarfrétt af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar UMHVERFI		■		
Póstlistar	Samráðshópur - samantekt af stöðu og framkvæmd fyrir hvern fund		■		
	Hvatning til sveitarfélga að uppfæra/birta fréttir af stöðu Sóknaráætlunar um leið og þær birtast á heimasíðu/samfélagsmiðlum Austurbrúar		■	■	■
	Könnun á framgangi sóknarmarkmiða sem tengjast sveitarfélögum eða stofnunum	■	■	■	■
	Fréttir af Sóknaráætlun á fyrirtækjapóstlista/Samstarfsaðila Austurbrúar	■			■
Greinar	Frétt af áhersluverkefni			■	
	Frétt af samfélagsvísum				■
	Frétt af stöðu MENNINGARmarkmiða			■	
	Frétt af stöðu ATVINNUmarkmiða				■
	Frétt af stöðu UMHVERFISmarkmiða		■		
Uppbyggingarsjóður Austurlands	Vinnustofur í tengslum við úthlutun UA				■
	Úthlutunarhátíð fréttir og umfjöllun				■
	Umfjöllun um verkefni sem fékk úthlutun	■	■	■	■

Umræða